

Alcoa Fjarðaál
Hrauni I
730 Reyðarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 22. september 2015
UST201502-397/E.D.K.
08.05.02

Úrbótaáætlun samþykkt – frestur veittur

Umhverfisstofnun hefur móttengið áætlun um úrbætur frá Alcoa Fjarðaáli, sbr. innkomið bréf dagsett 29. júlí sl. Frávikið sem um ræðir varðar geymslu framleiðsluúrgangs, þ.m.t. spilliefna, á lóðum að Hrauni 7-9 en skv. starfsleyfi er rekstraraðila einungis heimilt að geyma framleiðsluúrgang, þar með talin spilliefni, sem biða endurvinnslu eða flutnings á viðurkennda móttökustöð, á sérstöku geymslusvæði án frárennslis, innan lóðar rekstraraðila.

Í áætlun rekstraraðila kemur fram að um hafi verið að ræða, annars vegar olíuleyfar úr þeytilausn og þykkni úr þurrkara vatnshreinsivirkis, og hinsvegar gáma með þeytilausn sem biðu úrvinnslu. Þá segir að olíuleyfar og þykkni úr þurrkara hafi þegar verið sent til eyðingar í Kólku. Í úrbótaáætluninni segir að þeytilausnin hafi verið flutt inn á athafnasvæði Alcoa Fjarðaáls og nú sé unnið að eyðingu hennar með því að eyma vatn frá olíunni og olíuþykknið sem eftir verði úr vinnsluferlinu sé sent jafnóðum til Kólku. Rekstraraðili áætlar að þessu verði lokið í byrjun október 2015.

Í áætlun rekstraraðila kemur fram að eignarhald og starfsemi á lóðunum á Hrauni 7-9 verði skilgreint og umsjónaraðili tilgreindur til að tryggja utanumhald og eftirlit með svæðinu. Það muni tryggja að þessi staða með geymslu framleiðsluúrgangs komi ekki upp aftur. Umhverfisstofnun telur þetta skynsamlega ráðstöfun. Í áætlun rekstraraðila kemur einnig fram að fest verði í sessi verklag til að koma í veg fyrir uppsöfnun á þeytilausn. Þá verði tryggt að úrvinnsla og eyðing þeytilausna verði framkvæmd jöfnun höndum.

Umhverfisstofnun samþykkir úrbótaáætlun rekstraraðila og óskar eftir staðfestingu á unnum úrbótum fyrir 30. október nk., þ.e. staðfestingu á að búið sé að eyða uppsöfnuðum birgðum af þeytilausn og festa í sessi bætt verklag. Umhverfisstofnun vill brýna að geymsla þeytilausnar og eiming hennar fari fram á steypu eða malbikuðu undirlagi án frárennslis. Þá bendir Umhverfisstofnun á að ef til vill sé þörf á úrbótum á malarvelli, sé ætlunin að geyma þeytilausn þar. Gerðar úrbætur og bætt verklag verða á dagskrá í næsta reglubundna eftirliti.

Virðingarfyllst

Eva Kristjánus
Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Halla Einarsson
Halla Einarssdóttir
sérfræðingur